

Grunnskóli Vestmannaeyja
Innra mat - skýrsla 2021 - 2022
Ásdís Steinunn Tómasdóttir
Rósa Hrönn Ögmundsdóttir
Svanhvít Friðþjófsdóttir



Innra mat

Grunnskóli

Vestmannaeyja

Inngangur	3
Um GRV	4
Innra matsteymi	4
Veturinn 2021 - 2022	4
Matsáætlun	5
Gagnaöflun vegna innra mats GRV	5
1. Náms og kennsla:	5
2. Stjórnun og skipulag:	5
3. Innra mat:	5
4. Mannauður:	5
5. Skólabragur:	5
Langtímaáætlun um innra mat GRV	6
Lestur í GRV	7
Samræmd próf	12
Ungt fólk	12
Íslenska æskulýðsrannsóknin	12
Lykiltölur	14
Styrkleikar	15
Tækifæri til umbóta	15
Starfsmannaviðtöl	15
Skólapúlsinn	15
Foreldrar	15
Styrkleikar	16
Tækifæri til umbóta	17
Starfsfólk GRV	17
Styrkleikar	18
Tækifæri til umbóta	18
Nemendur GRV	18
Styrkleikar	23
Tækifæri til umbóta	24
Umbótaáætlun frá síðasta mati	24
Skólinn og skólastarfið	24
Náms og kennsla	27
Stjórnun og skipulag	28
Innra mat	28
Mannauður	29
Skólabragur	29

Umbótaáætlun 2022-2023

29

Lokaorð

31

Inngangur

Í kafla VIII grunnskólalaga nr. 91/2008 er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs.

Skv. 35. grein þessara laga er markmið með innra og ytra mati að:

- a. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Þar segir enn fremur í 36. grein um innra mat:

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Innra mat er samvinnuverkefni alls skólasamfélagsins og allir hagsmunahópar þurfa að koma að helstu þáttum matferilsins, eftir því sem við á. Í teyminu fer fram fagleg ígrundun og greining á gögnum um skólastarfið þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum. Skólastjóri ber ábyrgð á innra mati í sínum skóla en mikilvægt er að framkvæmd og utanumhald dreifist á fleiri aðila.

Innra matsteymi Grunnskóla Vestmannaeyja var stofnað haustið 2019 til að framfylgja þeim lögum sem vera ber. Teyminu er ætlað að fylgjast með, endurskoða og meta jafnt og þétt skólastarfið í heild sinni og áætla umbætur í kjölfarið. Markmiðið með innra mati er að skólinn geti nýtt sér það til raunverulegra umbóta á skólastarfinu

Í þessari skýrslu er samantekt á því innra mati sem fram fór í Grunnskóla Vestmannaeyja veturinn 2021 - 2022 og lögð fram aðgerðar- og umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Um GRV

Grunnskóli Vestmannaeyja hefur starfað sem ein stofnun frá árinu 2006. Áður voru skólarnir tveir með árgöngum frá 1. - 10. bekk en við sameininguna var ákveðið að hafa yngra stig, 1. - 5. bekk, í húsnæði Hamarsskóla og eldra stig, 6. - 10. bekk, í húsnæði Barnaskóla. Frá árinu 2018 varð sú breyting á að Hamarsskóli hýsir nú yngsta skólastigið, 1. - 4. bekk. Ennfremur er starfræk 5 ára deild leikskólans í húsinu. Í Barnaskóla er miðstigi, 5. - 7. bekkur, og nú með sinn deildarstjóra og unglingastig, 8.-10. bekkur, eins og áður. Skólaárið 2021 - 2022 eru 23 bekkjardeildir í skólanum með um 542 nemendum. Árgangar á miðstigi teljast sem ein bekkjardeild hver árgangur þar sem þeim er kennt með teymiskennslu og skipt í hópa eftir því sem fram fer hverju sinni.

Innra matsteymi

Á haustdögum 2019 var myndað innra matsteymi. Í matsteyminu eru þrír deildarstjórar, tveir kennarar, einn stuðningsfulltrúi, einn ritari, einn nemandi og eitt foreldri. Teymið skiptir með sér verkum, kýs formann, fer yfir langtímaáætlunina og vinnur að endurskoðun starfsáætlunar, skólanámskrár og læsisstefnu.

Veturinn 2021 - 2022 voru haldnir tveir fundir þar sem farið var yfir það sem verið var að meta t.d. Skólapúls, lestur og starfsmannakannanir. Áætlanir voru yfirfarnar og næstu skref skoðuð.

Veturinn 2021 - 2022

Umbótaáætlun og áætlun fyrir þennan vetur var gerð að vori sem gildi fyrir þennan vetur. Haustið fór þó ekki af stað eins og ætlað var enda covid faraldri ekki lokið. Fyrsti fundur matsteymis var ekki fyrr en í desember.

Það sem skoðað er sérstaklega þennan vetur eru niðurstöður úr Skólapúlsi, lestrarmælingar og skýrsla Menntamálastofnunar, ytra mats könnun.

Skólinn var tekinn út í ytra mati á vegum Menntamálastofnunar og var þar farið í mat á kennslustundum. Búið er að fara yfir þær niðurstöður með kennurum og starfsfólki.

Þar kemur m.a. fram að stjórnendum beri að hafa eftirlit með kennslustundum og veita endurgjöf, að samræma þurfi gerð kennsluáætlana og að halda þurfi betur utan um skráningar og kynningar á ýmsum þáttum innan skólans, sjá [hér](#).

Matsáætlun

Gagnaöflun vegna innra mats GRV

1. Nám og kennsla:

- 1.1 Inntak, árangur og framfarir (skimanir, próf, hæfniviðmið)
- 1.2 Skipulag náms og námsumhverfi
- 1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu (rýnihópar kennarar)
- 1.4 Náms hættir og námsvitund
- 1.5 Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda (rýnihópar nemendur)
- 1.6 Skóli án aðgreiningar

2. Stjórnun og skipulag:

- 2.1 Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi (könnun, starfsmannaviðtöl)
- 2.2 Stjórnun skólans (könnun - starfsmannaviðtöl)
- 2.3 Faglegt samstarf
- 2.4 Skólaþróun og starfsþróun
- 2.5 Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur (matsteymi)

3. Innra mat:

- 3.1 Framkvæmd innra mats (matsteymi)
- 3.2 Umbótastarf í kjölfar innra mats (matsteymi)

4. Mannauður:

- 4.1 Fagmennska starfsfólks og endurmenntun (endurmenntunarskjöl, Skólapúls)
- 4.2 Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað (kannanir, Skólapúls, viðtöl)

5. Skólabragur:

- 5.1 Viðmót og menning (SVÓT? Skólapúls)
- 5.2 Velferð og líðan nemenda (Skólapúls)
- 5.3 Samstarf heimila og skóla (samantekt foreldrafélag).

Langtímaáætlun um innra mat GRV

Viðfangsefni	2019-2020	2020-2021	2021-2022	2022-2023
1. Nám og kennsla:				
1.1. Inntak, árangur og framfarir	x	x	x	x
1.2 Skipulag náms og námsumhverfis		x	x	x
1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu		x	x	x
1.4 Náms hættir og námsvitund		x		x
1.5 Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda			x	
1.6 Skóli án aðgreiningar			x	
2. Stjórnun og skipulag:				
2.1 Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x			
2.2 Stjórnun skólans	x		x	
2.3 Faglegt starf		x		x
2.4 Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x			
2.5 Skólaþróun og starfsþróun		x		x
3. Innra mat:				
3.1 Framkvæmd innra mats	x	x	x	x
3.2 Umbótastarf í kjölfar innra mats	x	x	x	x
4. Mannauður:				
4.1 Fagmennska starfsfólks/endurmenntun	x		x	
4.2 Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað.	x		x	
5. Skólabragur				
5.1 Viðmót og menning	x			
5.2 Velferð og líðan nemenda	x	x	x	x
5.3 Samstarf heimila og skóla	x		x	

Lestur í GRV


Grunnskóli Vestmannaeyja leggur mikla áherslu á læsi og starfar skólinn eftir öflugri og metnaðarfullri læsisstefnu sem er aðgengileg á heimasíðu skólans; [Læsisstefna GRV](#) . Mat á árangri fer fram skv. Lesferilsáætlun Menntamálastofnunar; [Um Lesferil](#) sem er matstæki á grunnþáttum læsis.

Nemendur hafa fyrir fyrsta bekk verið prófaðir með Hljóm - 2 sem er skimun sem gerð er til að meta hljóðkerfis- og málvitund barna. Markmiðið er að greina áhættu fyrir síðari lestraerfiðleika.


Lesskimun

Nemendur í 2. - 10 bekk tóku lesfimiþróf MMS í september, janúar og maí eins og gert er ráð fyrir. Niðurstöður lesfimiþrófa í Grunnskóla Vestmannaeyja skólaárið 2021-2022 má sjá á eftirfarandi ritum:


Lesferill í september 2021



Lesferill í janúar 2022




Lesferill í maí 2021



Hér fyrir neðan má sjá maí fyrirlögn í hverjum árgangi fyrir sig.


2. bekkur

Fyrirlögn, maí 2022, 2. bekkjar próf




3. bekkur

Fyrirlögn, maí 2022, 3. bekkjar próf




4. bekkur

Fyrirlögn, maí 2022, 4. bekkjar próf




5. bekkur

Fyrirlögn, maí 2022, 5. bekkjar próf




6. bekkur

Fyrirlögn, maí 2022, 6. bekkjar próf




7. bekkur

Fyrirlögn, maí 2022, 7. bekkjar próf




8. bekkur

Fyrirlögn, maí 2022, 8. bekkjar próf




9. bekkur

Eyrirlögn, maí 2022, 9. bekkjar próf



10. bekkur

Eyrirlögn, maí 2022, 10. bekkjar próf



Allir árgangar að undanskildum 3. og 10. bekk eru um eða yfir landsmeðaltali í leshraða. Eftirfylgni hefur verið með svipuðum hætti og á síðasta ári og hópunum var meira blandað í ár. Í innra mats skýrslu sl. árs má sjá að sömu árgangar voru í basli með leshraðann, þá 2. og 9. bekkur. Aðgerðir og eftirfylgni virðast ekki hafa virkað á þessa hópa. Annar hópurinn útskrifaðist frá okkur í vor og ljóst er að hlúa þarf vel að 4. bekk næsta vetur, fara betur í grunnaðferðir lestrar með þeim og fylgja lestri betur eftir bæði heima og ekki síður í skóla. Þá er nauðsynlegt fyrir okkur sem skólasamfélag að hlúa vel að öllum nemendum okkar og viðhalda góðum árangri með áhugahvetjandi lesefni og markvissri lestrarkennslu í öllum árgöngum. Ennfremur er mikilvægt að smita áhuga á lestri út í okkar góða samfélag og vekja áhuga á mikilvægi lesturs, lestraránægju og þátttöku foreldra samfélagsins í því.

Samræmd próf

Til stóð að leggja samræmd próf fyrir 4., 7. og 9. bekk. Ekkert varð úr þeirri fyrirögn, MMS er að hanna og skipuleggja ný samræmd próf. Unnið hefur verið eftir aðgerðaráætlun sem sett var fram í síðustu innra mats skýrslu (2020-2021).

Ungt fólk

Við gerð þessarar skýrslu hafa engar niðurstöður borist úr könnuninni Ungt fólk.

Íslenska æskulýðsrannsóknin

Íslenska æskulýðsrannsóknin (ÍÆ) er rannsókn sem Menntavísindastofnun Íslands framkvæmir fyrir Mennta- og barnamálaráðuneytið á grundvelli 12 gr. æskulýðslaga nr. 70 / 2007. Markmiðið er að safna gögnum um velferð og viðhorf barna og ungs fólks og gera niðurstöður aðgengilegar til að styðja við stefnumótun.

Tvær alþjóðlegar rannsóknir falla undir ÍÆ, önnur þeirra er Health Behaviour in School-aged Children (HBSC) könnun alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) sem lögð hefur verið fyrir 6., 8. og 10. bekk grunnskóla á Íslandi á fjögurra ára fresti frá árinu 2006. Hin er evrópska vímuefnakönnunin The European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs (ESPAD) sem lögð er fyrir 10. bekk á fjögurra ára fresti, sú könnun hóf göngu sína árið 1995. Niðurstöður könnunar ÍÆ eru samanburðarhæfar því spurningar könnunarinnar eru myndaðar úr þessum tveimur könnunum.

Könnun Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar verður frá og með skólaárinu 2021-2022 lögð fyrir á hverju ári í grunnskólum. Hún er lögð fyrir í 6., 8. og 10. bekk líkt og HBSC-könnunin auk 4. bekkjar.

Niðurstöður á landsvísi úr öllum umferðum HBSC og ESPAD er hægt að skoða í mælaborði á [heimasíðu rannsóknarinnar](#) og niðurstöður ÍÆ verða aðgengilegar þar.

Þátttakendur ÍÆ voru 12716 nemendur í íslenskum grunnskólum, þar af 178 í Grunnskóla Vestmannaeyja. Könnunin var lögð fyrir rafrænt.


Skipting svarenda eftir bekk


Bekkur	Grunnskóli Vestmannaeyja	Suðurland	Önnur landsvæði
4. bekkur	48	280	2163
6. bekkur	45	258	3594
8. bekkur	43	303	3003
10. bekkur	42	271	2666

Skipting svarenda eftir kyni

Kyn	Grunnskóli Vestmannaeyja	Suðurland	Önnur landsvæði
Strákar	102	569	5712
Stelpur	68	522	5318
Stálp (Kynsegin)	5	8	142
Annað/vill ekki svara	3	13	254

Hér í töflum verða lykiltölur könnunarinnar birtar, nánari niðurstöður er hægt að finna á [heimasíðu rannsóknarinnar](#).





Lykiltölur

Samkvæmt lykiltölum 4. bekkjar má sjá að meirihluti nemenda í 4. bekk Grunnskóla Vestmannaeyja treysta kennurum vel, líkar vel við skóla sinn og bekkinn sinn og finnst skólamaturinn góður. Þar sést einnig að stress varðandi heimanám og þreyta í skólanum er meiri meðal nemenda í þessum aldurshópi en almennt gerist á landsvísu.

Samkvæmt lykiltölum 6. bekkjar má sjá að meirihluti nemenda í 6. bekk Grunnskóla Vestmannaeyja líkar vel við skólann sinn, treysta kennurum vel og finna tilgang með náminu og er það hærra hlutfall en almennt greinist á landsvísu. Það má einnig segja um daglega hreyfingu hjá þessum aldurshópi. Algengara er að nemendur í GRV finni fyrir álagi vegna heimanáms og verði fyrir einelt en aðrir landshlutar. Þreyta 6. bekkinga í GRV er á pari við aðra skóla á landsvísu.

Lykiltölur í 8. bekk benda til þess að nemendur í 8. bekk í GRV treysti kennurum sínum mun betur en almennt greinist á landsvísu. Þeim líkar vel við skólann sinn, finna tilgang með náminu og hreyfa sig daglega. Álag vegna heimanáms mælist á pari við aðra landshluta en þreyta í skóla og það að hafa orðið fyrir einelti mælist minna en hjá öðrum landshlutum.

Lykiltölur í 10. bekk benda til þess að færri nemendum í 10. bekk í GRV líki við skólann sinn en almennt er á landsvísu. Traust þeirra til kennara er á pari við aðra landshluta, færri

nemendur finna tilgang með námi sínu en mælist hjá öðrum landshlutum en þó fleiri en mælast á Suðurlandi. Mun fleiri nemendur í 10. bekk í GRV hreyfa sig daglega miðað við aðra landshluta. Álag vegna heimanáms mælist mun minna en annars staðar, þreyta í skóla mælist mun meiri en annars staðar og einelti mælist einnig meira í 10. bekk í GRV en annars staðar á landinu.

Styrkleikar

- Traust nemenda til kennara.
- Dagleg hreyfing nemenda.
- Líkar við skólann sinn.
- Tilgangur með námi.

Tækifæri til umbóta

- Grípa strax inn í samskiptavanda og vinna í eineltismálum.
- Veita fræðslu um mikilvægi svefns, næringar og hvíldar.

Starfsmannaviðtöl

Við gerð þessarar skýrslu er starfsmannaviðtölum fyrir skólaárið 2021-2022 ekki lokið.

Skólapúlsinn

Skólaárið 2021-2022 var skólapúlsinn var lagður fyrir starfsfólk Grunnskóla Vestmannaeyja, foreldra nemenda í GRV og nemendur í GRV.

Foreldrar

Skólapúlsinn var lagður fyrir foreldra nemenda í GRV. Könnunin fór fram í febrúar 2022. Könnunin mælir 41 þátt í sex flokkum. Búið er til 120 nemenda líkindaúrtak. Þátttakendur voru 122, 83 foreldrar svöruðu könnuninni, svarhlutfallið var því 68%. Jafnt hlutfall var á milli foreldra drengja og stúlkna sem svöruðu könnuninni. 41% svarenda voru frá 1.-4. bekk, 26,5% frá 5.-7. bekk og 32,5% frá 8.-10. bekk. Í 67,5% tilfella svaraði móðir nemandans könnuninni, 22,9% tilvika svaraði faðir nemandans og 9,6% tilvika svöruðu bæði móðir og faðir nemandans. 94% svöruðu á íslensku, 4,8% á pólsku og 1,2% á ensku.

Könnunin skiptist í sex almenna þætti; nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf, heimastuðningur og opin svör þar sem foreldrar voru beðnir um

að lýsa því hvað þeim þykir gott við skólann, lýsa því hvað þeim þykir að betur megi fara í skólanum og skila inn ábendingum varðandi heimasíðu skólans.

Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum er á pari við það sem mælist á landsvísu. Foreldrar í GRV eru ánægðari en almennt gerist með hæfilega þynd námsefnis og mjög ánægðir með hæfilegan aga í skólanum. 88.1% foreldra telja skólanum mjög vel eða frekar vel stjórnað en það er minna en almennt gerist á landsvísu.

Varðandi velferð nemenda þá er Grunnskóli Vestmannaeyja vel yfir landsmeðaltali hvað varðar ánægju foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur, líðan nemenda í skólanum og í kennslustundum. Ánægja foreldra með úrvinnslu eineltismála og hraða á úrvinnslu eineltismála er mun meiri en almennt gerist á landsvísu. Meðaltími vinnslu eineltismála er meiri í GRV en almennt gerist.

Ánægja foreldra með hver vel skólinn mætir þörfum nemenda hefur minnkað frá síðustu könnun nú eru 86,5 % foreldra eru mjög ánægðir eða frekar ánægðir með það og 13,5% eru frekar óánægðir.

Foreldrar eru almennt ánægðir með aðstöðu í skólanum og ánægja með skólamáltíðir mælist almennt mun hærri í GRV en á landsvísu. Þegar foreldrasamstarfið er skoðað sést að foreldrar upplifa að tillögur og ábendingar þeirra séu teknar til greina og að þeir fá að taka þátt í gerð námsáætlunar barna sinna. Ánægja er með foreldrasamstarf og þeir eru upplýstir um stefnu skólans og námskrá.

Þegar foreldrar eru beðnir um að lýsa því sem þeim þykir gott við skólann kemur meðal annars fram; gott starfsfólk, góðir kennarar, metnaður, góð samskipti, menningarmótið, jákvæður andi, faglegt starf, fjölbreyttar kennsluaðferðir svo eitthvað sé nefnt.

Í svörum foreldra þar sem þeir eru beðnir um að nefna hvað mætti betur fara í skólanum kemur meðal annars fram; frístund, upplýsingaflæði, lýsing á skólalóð, vera sýnilegri út í samfélaginu, meira val um námsleiðir, námsmat, taka betur á agamálum, meiri aga, fleiri á útivakt og styrkja sterka nemendur.

Styrkleikar

- Líðan nemenda í skólanum.
- Ánægja með samstarf.
- Þátttaka foreldra.
- Ánægja með aðstöðu og skólamat.
- Hæfileg þyngd námsefnis.

- Hæfilegur agi í skólanum.
- Hraði á úrvinnslu eineltismála

Tækifæri til umbóta

- Bæta upplýsingaflæði frá stjórnendum til foreldra.
- Koma betur til móts við þarfir nemenda.
- Bæta tómstundapjónustu/frístundaheimili.

Starfsfólk GRV

Skólapúlsinn var lagður fyrir starfsfólk Grunnskóla Vestmannaeyja. Könnunin fór fram í mars og mælir 22 almenna þætti. 115 starfsmenn fengu könnunina senda, 80 starfsmenn svöruðu könnuninni, svarhlutfallið var því 69,6%. Könnunin skiptist í sjö megin þætti; starfið, starfsmenn, vinnustaðurinn, stjórnun, kennarar - kennarastarfið og kennarar - starfsumhverfi kennara og að lokum voru opin svör þar sem starfsfólk var annars vegar beðið um að lýsa því sem því þætti gott við vinnustaðinn sinn og hins vegar að lýsa því sem betur mætti fara á þeirra vinnustað.

Þegar rýnt er í svör starfsfólks má sjá að styrkleikar okkar eru margir. Þættir eins og vinnuálag, skýrleiki hlutverks, jákvæðar áskoranir í starfi, leikni og skuldbinding í starfi eru á pari við landsmeðaltal. Starfsandi og stuðningur frá samstarfsfólki, ánægja með vinnuaðstöðu og stuðningur við nýsköpun mælist einnig til jafns á við landið. Stuðningur frá næsta yfirmanni, ræktun mannauðs, sanngjörn forusta og valdeflandi forusta eru einnig á pari við landsmeðaltal.

Áætlaður tími til heimavinnu er minni en almennt gerist á landsvísu, áhersla kennara á námsmat með prófum er einnig minni en á landsvísu. Stuðningur við hegðunarörðugleika nemenda er meiri en almennt gerist en aftur á móti mælist stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika og samvinna um kennslu minni en almennt gerist. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara mælist einnig minni en almennt gerist á landsvísu. Einelti meðal starfsfólks í GRV mælist mun lægra en almennt gerist á landsvísu.

Ánægja með kennarastarfið og trú kennara á eigin getu er yfir landsmeðaltali. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum er mun meiri í GRV en almennt gerist á landsvísu. Í opnum svörum þar sem starfsfólk var beðið um að lýsa því sem er gott við vinnustaðinn sinn var oftast minnst á frábæran starfsanda, gott samstarfsfólk, góðan vinnutíma, samheldni alls starfsfólks, spjaldtölvuinnleiðinguna og Guðbjörgu Guðmannsdóttur.

Áhyggjuefni er að í svörum starfsmanna má greina að tæp 34% starfsmanna hafa (*stundum*,

fremur oft eða mjög oft) tekið eftir mismunun í framkomu gagnvart körlum eða konum á vinnustaðnum og rúm 18% starfsmanna hafa (*stundum, fremur oft eða mjög oft*) tekið eftir mismunun í framkomu gagnvart eldra og yngra starfsfólki á vinnustaðnum. Í opnum svörum þar sem starfsfólk var beðið um að lýsa því hvað betur mætti fara er oftast bent á aðbúnað, vinnuaðstöðu, upplýsingaflæði (þá oftast frá stjórnendum til annarra starfsmanna) og að hlúa betur að sérkennslumálum.

Styrkleikar

- Góður starfsandi.
- Gott starfsfólk.
- Samheldni.
- Kennarar ánægðir í starfi og hafa trú á eigin getu.
- Fjölbreytt námsmat.
- Spjaldtölvuinnleiðing.

Tækifæri til umbóta

- Sporna við mismunun á vinnustaðnum, kynna jafnréttisáætlun.
- Stjórnendur komi meira að faglegum stuðningi við kennara.
- Skýrari reglur með námsver, verkdeild og stuðning við nemendur.

Nemendur GRV


Nemendakönnunin fór fram á skólaárinu 2021-2022 með 43-44 nemenda úrtökum sem dreift var samhverft yfir skólaárið. Val spurninga byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnum, kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children), rannsóknin er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar.

Könnunin hófst í október 2021 og henni lauk í apríl 2022, þátttakendur voru 262 og fjöldi svarenda var 230, svarhlutfall var 87,8% (53% drengir og 47% stúlkur). Könnunin mælir 15 almenna þætti sem skiptast í 4 meginflokka; virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsa, skóla- og bekkjarandi og opin svör þar sem nemendur lýsa því sem er sérstaklega gott við skólann inn og það sem er slæmt og má betur fara.

Þegar rýnt er í svör nemenda má sjá að virkni nemenda er svipuð og almennt gerist á landsvísu. Ánægja af lestri og náttúrufræði er örlítið fyrir neðan landsmeðaltal en áhugi á stærðfræði og trú á eigin námsgetu er á pari við landið. Það er áhugavert að skoða nánar hvernig þetta mælist miðað við mánuði og árganga. Á línuritunum má sjá að í nóvember mælist ánægjan mest en vert er að kanna hvað olli því að ánægja nemenda féll niður í febrúar og apríl. Á súluritunum má sjá munin á árgöngunum í GRV miðað við aðra árganga á


landinu, þar sést að nemendur í GRV mælast svo til á pari við aðra nemendur nema í 10. bekk í GRV þar mælast þeir lægri. Þegar trú á eigin getu nemandans er skoðuð eru allir árgangar á pari við landsmeðaltalið.

1.1. Ánægja af lestri – Innan skólaárs*




Myndin sýnir breytingar á niðurstöðu skólans á milli mánaða í samanburði við þróunina á landinu í heild.

1.1. Ánægja af lestri – Árgangamunur*




Þessi mynd sýnir árgangamun meðal svarenda í skólanum samanborið við viðmiðunarhópinn. Niðurstöður fyrir hvern árgang eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.

1.2. Áhugi á stærðfræði – Innan skólaárs*




Myndin sýnir breytingar á niðurstöðu skólans á milli mánaða í samanburði við þróunina á landinu í heild.

1.2. Áhugi á stærðfræði – Árgangamunur*




Þessi mynd sýnir árgangamun meðal svarenda í skólanum samanborið við viðmiðunarrhópinn. Niðurstöður fyrir hvern árgang eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.

1.3. Ánægja af náttúrufræði – Innan skólaárs*




Myndin sýnir breytingar á niðurstöðu skólans á milli mánaða í samanburði við þróunina á landinu í heild.


1.3. Ánægja af náttúrufræði – Árgangamunur*



1.4. Trú á eigin námsgetu – Innan skólaárs*




1.4. Trú á eigin námsgetu – Árgangamunur




Ef þættirnir sem mæla líðan og heilsu nemenda eru skoðaðir má sjá að nemendum líður vel í skólanum og þeir finna lítið fyrir áhyggjum og stressi. Þegar rýnt er í matsþættina um einelti

sést að einelti mælist minna en almennt gerist á landsvísu en tíðni eineltis í GRV mælist meiri en á landsvísu. Á fyrri töflunni hér að neðan má sjá að eitthvað hefur átt sér stað frá febrúar til mars. Á þeirri seinni má sjá að 83,5% nemenda hafa síðastliðna 30 daga aldrei verið lagðir í einelti. Ef nemandi merkti við að hann hefði orðið fyrir einelti var hann beðinn um að merkja við hvar það átti sér stað. Það voru 36 nemendur (16,5%) sem merktu við að þeir hefðu einu sinni eða oftar orðið fyrir einelti síðastliðna 30 daga.




Myndin sýnir breytingar á niðurstöðu skólans á milli mánaða í samanburði við þróunina á landinu í heild.

Að vera lagður/lögð í einelti er til dæmis þegar annar nemandi eða hópur af nemendum stríðir öðrum nemanda aftur og aftur, ógnar, slær, sparkar í eða skilur hann útundan



Þegar spurt er um þá staði sem eineltið á sér helst stað (36 nemendur máttu merkja við allt sem við átti) nefna nemendur þó nokkra staði; 33,3% - á netinu eða GSM, 30,6% - frímínútur á skólalóð, 19,4% - frímínútur innandyrna, 16,7% - í kennslustundum, 16,7% - í hádegisstund, 13,9% - á leið til og frá skóla, 16,7% - í íþróttatímum, 5,6% - í búningasklefum. 36,1% - annars staðar og þá bættist við á skólalóðinni eftir skóla eða á kvöldin, eftir skóla.

Skóla- og bekkjarandi í GRV mælist betri en á landsvísu, samband nemenda við kennara er mjög gott, agi í tímum er mjög góður og virkni nemenda er góð. Tíðni leiðsagnarmats er einnig mjög góð. Febrúar mælingin stingur þó í stúf við aðrar.



Myndin sýnir breytingar á niðurstöðu skólans á milli mánaða í samanburði við þróunina á landinu í heild.

Í opnum svörum nemenda þar sem þeir nefna hvað er gott við skólann sinn eru margir hlutir nefndir til dæmis: Allt, kennararnir, konurnar á ganginum, maturinn, krakkarnir, frímínútur, mætingin kl. 8:20, kennarar koma til móts við nemendur, akademían, unglingastigið, yndislestur og okkur líður vel. Þetta svar stendur þó uppúr:

“Mér finnst skólinn minn skemmtilegur og mér finnst skólinn vera öruggur staður, mér finnst flest námsefni skemmtileg og mér gengur vel í flestum. Kennararnir mínir eru sanngjarnir og leiðbeina mér þegar eitthvað fer úrskeiðis mér finnst það gott og það lætur mér líða vel þó að mig langi að gera allt rétt, kennararnir eru sanngjarnir við mig og gefa mér alltaf tækifæri á að laga eitthvað sem ég geri vitlaust. Oft er eitthvað fjölbreytt að gerast í skólanum mínum og mér finnst það ofboðslega skemmtilegt. Ég á góða vini í skólanum sem láta mér líða vel.”

Í opnum svörum nemenda þar sem þeir nefna hvað er slæmt við skólann sinn og mætti betur fara eru einnig mörg svör til dæmis: Ekkert, allt, fá lengri frímó, fá styttri frímó, sumir krakkarnir, sumir kennarar, sum fög - danska og sund oftast nefnd og óskað eftir því að sund verði valfag.

Styrkleikar

- Líðan og heilsa nemenda.
- Gott samband nemenda við kennara sína.

- Virk þátttaka í tímum.
- Tíðni leiðsagnarmats.
- Agi í tímum.
- Niðursveifla eineltis frá mars til apríl.

Tækifæri til umbóta

- Sporna við einelti t.d. með því að takmarka símanotkun ennfrekar.
- Fá nemendur að borðinu með ákvörðunatöku t.d. á yndislestri.
- Kanna hvað gæti hafa haft áhrif á febrúar mælingu með tilliti til ánægju, áhuga og trú á eigin getu til að geta brugðist við því.

Umbótaáætlun frá síðasta mati

Skólinn og skólastarfið

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Hvernig gekk?
1. Nám og kennsla:					
Inntak, árangur og framfarir	Nýjar áherslur á læsi og hvernig á að meta læsi.	80 % nemenda verða læsir í lok 2. bekkjar.	Stöðumat skv. Hermundi.	Frá 2021 - 2023.	Gekk mjög vel með Kveikjum neistann.
Skipulag náms og námsumhverfis	Lesfimi 2. - 10. b. Aukin áhersla á hreyfingu í upphafi skólastarfs. Aukin eftirfylgni á kunnáttu yngstu nemenda í stærðfræði og náttúrufræði. Aukin vellíðan í skólanum.	Meiri einbeiting ungra barna í náminu. Að allir fái áskoranir við hæfi. Að allir fái að njóta sín, nýta sína styrkleika og líði vel í skólanum.	Gátlistar frá Hermundi.		
	Spjaldtölvu-innleiðing.	Að nemendur og kennarar geti nýtt tæknina til viðbótar í námi sínu og kennslu.	Gátlistar og eftirfylgni.	Veturinn 2021 - 2022.	Spjaldtölvuinnleiðing gekk vonum framar. Einu ári bætt við innleiðinguna.

Kennsluhættir og gæði kennslu.				Unnið 2020-2023	Aðstoð frá ytramati. Gátlistar undirbúnir.
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda. Skóli án aðgreiningar.				Veturinn 2021-2022. Veturinn 2021-2022.	Menningahátíð var haldin. Nemendur tóku þátt í gerð nýrrar framtíðarsýnar Vestmannaeyja abæjar. Þróun verkdeildar til að mæta þörfum allra nemenda. Námsver og aukin fjöldi stuðningsfulltrúa.
2. Stjórnun og skipulag:					
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur. Stjórnun skólans.	Skólanámskrá er í stöðugri þróun. Áætlanir um innra starf taka mið af skólanámskrá.	Skólanámskrá byggir á Aðalnámskrá grunnskóla og felur í sér náms- og starfsáætlanir skólans og tekur mið af sérstöðu hans. Innra mat miðast við skólanámskrá og þá þætti sem taka þarf á hverju sinni.	Skráning, samræður og gátlistar.	Skólanám- skrá verður yfirfarin og tilbúin fyrir haustið 2021. Skammtíma- áætlun um innra mat verður tilbúin vor 2021 og er í framkvæmd veturinn 2021 -2022. Veturinn 2021-2022.	Skólanámskrá uppfærð á hverju ári. Skólalágur lagður fyrir starfsfólk og foreldra.
3. Innra mat:					

Að funda reglulega og virkja matsteymi að hausti.	Að gera fleiri ábyrga fyrir innra mati skólans.	Fastsetja tvo fundi á hvorri önn strax að hausti þar sem gerð er áætlun um verkaskiptingu.	Fundir og sameiginlegt svæði á google drifi.	Veturinn 2021 - 2022	Náðum einungis að funda 2x.
Birting á skýrslu og umbóta áætlun.	Að innra mat sé kunnugt þeim sem að skólanum koma.	Heimasíða GRV. Skólahandbók og kynningar.		Vor 2022	Er birt á heimasíðu skólans en kynningu skortir.
4. Mannauður					
Fagmennska starfsfólks og endurmenntun.				Veturinn 2021-2022	Var ekki á umbótaáætlun sl. skólaárs. Boðið var upp á ýmis námskeið.
Starfsánægja, aðbúnaður og líðan á vinnustað.	Að í skólanum ríki jákvætt andrúmsloft sem einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti milli allra aðila.	Andrúmsloftið í skólanum sé afslappað og notalegt. Að samskipti milli allra einkennist af jákvæðni og virðingu.	Samræður og gátlistar allra hópa. Skólapúls.	Veturinn 2021 -2022.	Var ekki á umbótaáætlun sl. skólaárs. Skólapúlsinn var lagður fyrir í mars. Starfsmannasamtöl við hluta starfsmanna.
5. Skólabragur					
Velferð og líðan nemenda.	Tryggja að börnin fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber.	Nýta þær bjargir sem til eru til að meta líðan og árangur barna.	Skólapúls, samræður og gátlistar frá Hermundi.	Frá 2019-2023	Skólapúlsinn lagður fyrir. Gátlistar Hermundar lagðir fyrir.
Þátttaka foreldra í skólastarfi.	Að foreldrar séu virkir þátttakendur í námi barna sinna og séu í góðum og jákvæðum samskiptum við skólann.	Að fá foreldra á hópfunði aftur og að þeir taki þátt í þeim viðburðum sem eru á vegum skólans.	Samræður og gátlistar allra hópa. Skólapúls.	Veturinn 2021 - 2022	Hópfundir voru haust 21, skóladagur í hvoru húsi. Kveikjum neistann foreldrar mættu 3x á hópfunði. Foreldraviðtöl í febrúar 2021 og að vori 2022. Skólapúls lagður fyrir foreldra.

1. Nám og kennsla

Í haust hófst þátttaka GRV í menntarannsókninni *Kveikjum neistann*. Með verkefninu breytast áherslur í námi barna og skipulag skóladagsins. Nemendur núverandi 1. bekkjar taka þátt í rannsókninni sem nær yfir alla þeirra skólagöngu en árgangarnir sem koma á eftir munu fylgja breyttum áherslum þar sem vel gengur.

Ekki voru tekin leshraðapróf í 1. bekk heldur var áhersla lögð á að kanna hver staða hvers og eins væri í bókstafa- og hljóðakunnáttu. Þeir sem voru komnir með þá færni voru prófaðir í léttum lesskilningi. Stefnan er að hætta leshraðamælingum og leggja áherslu á að nemendur öðlist ánægju af lestri og góðan lesskilning.

Þetta tókst mjög vel í 1. bekk og gátu allir nemendur lesið stutt orð og setningar í lok skólaárs.

Fyrstu niðurstöður (1. bekk)



Breytt skipulag stundaskrár er hluti af menntarannsókninni. Aukin hreyfing er hluti af því og er dagleg hreyfing á stundaskrá nemenda auk þess sem námið er brotið upp með hreyfingu. Skipulagið er einfaldað; hreyfingin er fyrri hluta dags, síðan taka við tímar með umsjónarkennara og eftir hádegi eru tímar sem kallaðir eru ástríðutímar. Þar hafa nemendur val um að sækja tíma sem þeir hafa mestan áhuga á. Í vetur hefur verið boðið upp á sauma, myndmennt, heimilisfræði og smíðar en hluta vetrar var boðið upp á forritun. Þetta tókst að mestu vel en nauðsynlegt er að festa þessa tíma hluta vetrar og hafa þá ekki val þannig að hægt sé að fylgja námskrá. Hugmyndina um aukið val langar okkur að taka lengra og inn í fleiri árganga í skólanum til að fylgja markmiði um bætta líðan nemenda.

Spjaldtölvuinnleiðing hefur nú verið í tvö ár í GRV og er einn vetur eftir. Markmiðinu um eitt tæki á mann hefur verið náð; nemendur í 1. - 7. bekk eru með lpad og unglingadeildin er með Chromebook tölvur. Góð eftirfylgni hefur verið frá innleiðingarteymi með örnámskeiðum og beinni kennslu í kennslustundum. Með spjaldtölvunum höfum við getað einstaklingsmiðað námið enn frekar með kennsluöppum eins og Evolytes þar sem hver og einn er með áskorun miðað við færni.

Áætlunin miðaði að því að bæta nemendalýðræði og ábyrgð nemenda á eigin námi. Í vetur komu allir nemendur GRV að framkvæmd Framtíðarsýnar Vestmannaeyjabæjar að þeim lið er snýr að námi og kennslu.

Öflugt menningarmót var haldið í skólanum þar sem allir fengu tækifæri á að kynna sig, bakgrunn sinn og allt það sem þeir vildu láta koma fram. Þetta tókst mjög vel. Með ástríðutímum í 1. bekk fengu nemendur aukið val um nám sitt sem þeim fannst mjög gaman og stendur til að innleiða slíkar stundir í fleiri árgöngum.

Okkur langar að koma til móts við alla nemendur þar sem þeir eru staddir og vinna skv. skóla án aðgreiningar. Búið er að koma á fót verkdeild á mið- og unglingastigi fyrir þá nemendur sem höndla ekki alltaf hefðbundna bekkjartíma með það að markmiði að auka félagsfærni þeirra og aðstoða þá við að vera sem mest í kennslustundum með jafnöldrum sínum. Verkdeild verður einnig starfrækt á yngsta stigi næsta haust.

Skv. ytra mati eiga stjórnendur að vera markvisst í kennslustundum hjá kennurum og veita endurgjöf. Búið er að afla gátlista sem verða til viðmiðunar næsta haust.

2. Stjórnun og skipulag

Skólanámskrá var vel yfirfarin fyrir haustið en hún er í stöðugri þróun.

Lögð var fyrir könnun Skólapúlsins bæði meðal starfsfólks og foreldra þar sem spurt var út í stjórnun skólans, sjá niðurstöður ofar í skýrslunni.

3. Innra mat

Innra mats teymið tók nokkrum breytingum í haust.

Deildarstjórar halda utan um teymið en í vetur náðum við að funda tvisvar. Ætlunin var að hafa fjóra fundi en það stendur til bóta næsta skólaár.

4. Mannauður

Lögð var fyrir könnun Skólapúlsins meðal starfsfólks þar sem spurt var út í starfsánægju, aðbúnað og líðan á vinnustað, sjá niðurstöður ofar í skýrslunni.

Við þurfum að vera markvissari í að taka á móti nýju starfsfólki og kynna okkar gildi og venjur.

Við höfum verið með námskeið í vetur og lagt mikla áherslu á spjaldtölvuinnleiðinguna.

Skólaskrifstofa bauð einnig upp á nokkur námskeið. Næsta haust á undirbúningsdögum eru metnaðarfull námskeið þar sem við þurfum að gera endurmenntunina markvissari eftir covid.

5. Skólabragur

Lögð var fyrir könnun Skólapúlsins meðal nemenda þar sem spurt var út í líðan nemenda í skólanum, sjá niðurstöður ofar í skýrslunni.

Þátttaka foreldra í skólastarfi hefur aukist jafnt og þétt eftir langt covid tímabil. Við byrjuðum veturinn með hópforeldrafundum í bekkjum, foreldraviðtöl voru í febrúar og í lok vetrar. Við náðum loksins að vera með hefðbundna viðburði eins og skóladaginn okkar sem er sýning á verkum barnanna og danssýningu á Stakkagerðistúni í lok vetrar. Jólafondur var hins vegar bara fyrir nemendur að þessu sinni. Þemadagar voru á sínum stað, smiðjudagar á unglingastigi voru með hefðbundnu móti og þeir fengu hefðbundna árshátíð og útskrift í 10. bekk. Menningamót var haldið og allir nemendur skólans tóku þátt í því.

Nýmönnuð stjórn foreldrafélagsins hóf störf haustið 2021 og nýir aðilar bættust við í skólaráð.

Við lögðum áherslu á mikla samvinnu og upplýsingaflæði til foreldra 1. bekkja í tengslum við menntarannsóknina *Kveikjum neistann*. Haldnir voru þrír hópfundir sem voru afar vel sóttir. Þeir voru til þess ætlaðir að halda foreldrum upplýstum og til að efla jákvætt hugarfar og samstarf um nám barnanna. Unnið er með gróskuhugarfar úr menntarannsókninni *Kveikjum neistann* í öllum skólanum.

Umbótaáætlun 2022-2023

Næstkomandi vetur inniheldur nýjar áskoranir. Þá er annar veturinn okkar í menntarannsókn Hermundar Sigmundssonar í samstarfi við HÍ - Kveikjum neistann. Við komum til baka í hefðbundið skólastarf, meira foreldrasamstarf og enn betri samvinnu við lærdómssamfélagið okkar í Vestmannaeyjabæ.

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi
--------------	---------	--------	------------	-----------

1. Nám og kennsla:				
Inntak, árangur og framfarir. Skipulag náms og námsumhverfis. Kennsluhættir og gæði kennslu. Námshættir og námsvitund.	Haldið áfram með nýjar áherslur á læsi og hvernig á að meta læsi.	80 % nemenda verða læsir í lok 2. bekkjar.	Stöðumat skv. Hermundi.	2019 - 2023
	Lesfimi 3. - 10. b.	Meiri einbeiting ungra barna í náminu.		2020-2023
	Haldið áfram með aukna áherslu á hreyfingu í upphafi skólastarfs og unnið við að færa á fleiri árganga.	Að allir fái áskoranir við hæfi.		2020-2023
	Aukin eftirfylgni á kunnáttu yngstu nemenda í stærðfræði og náttúrufræði.	Að allir fái að njóta sín, nýta sína styrkleika og líði vel í skólanum.	Gátlistar frá Hermundi.	2022-2023
	Aukin vellíðan í skólanum.	Ástríðutímar í anda Kveikjum neistann í fleiri árgöngum.		
	Spjaldtölvu-innleiðing.	Að nemendur og kennarar geti nýtt tæknina til viðbótar í námi sínu og kennslu.	Gátlistar og eftirfylgni.	2020-2023
2. Stjórnun og skipulag:				
Faglegt starf. Skólaþróun og starfsþróun.	Aukin áhersla á faglegt starf.	Meiri endurmenntun á vegum stofnunarinnar.	Eftirfylgni.	2022-2023
	Þróunarverkefni Kveikjum neistann og spjaldtölvuinnleiðing.	Ástríðutímar í anda Kveikjum neistann í fleiri árgöngum. Að nemendur og kennarar geti nýtt tæknina til viðbótar í námi sínu og kennslu.		2022-2023
3. Innra mat:				
Framkvæmd innra mats. Umbótastarf í kjölfar innra mats.	Funda 2x á hvorri önn með teymi.	Fara yfir það sem verið er að mæla og fá ábendingar frá teymi.		2019-2023
	Bregðast við mælingum og útkomu úr m.a. þróunarverkefnum.			2019-2023

4. Mannauður:				
Fagmennska starfsfólks og endurmenntun. Starfsánægja, aðbúnaður og líðan á vinnustað.	Aukin áhersla á faglegt starf. Unnið markvisst að gæðakennslustudum.	Fleiri námskeið á vegum stofnunarinnar. Að stjórnendur sitji kennslustundir hjá kennurum	Samtal og endurgjöf út frá gátlista.	2021-2023 2021-2023
	Bregðast við niðurstöðum skólapúlsins. Virkja starfsmannafélag			
5. Skólabragur:				
Velferð og líðan nemenda.	Aukin áhersla á hreyfingu í anda Kveikjum neistann. Aukin áhersla á ástríðutíma í anda Kveikjum neistann. Bregðast við niðurstöðum skólapúlsins.	Að nýta afurð Menntarannsóknarinnar Kveikjum neistann í fleiri árgöngum.	Nýta upplýsingar úr könnunum Hermundar. Nýta upplýsingar úr Æskulýðskönnun sl. skólaárs. Nýta upplýsingar úr Skólapúlsi.	201-2023

Lokaorð

Hér hafa verið teknir saman þeir þættir innra mats sem metnir voru skólaárið 2021 - 2022. Áætlunin stóðst ekki alveg að öllu leyti eins og greint hefur verið frá í skýrslunni og skýrist það af nokkrum þáttum m.a. covid 19 og innflúensufaraldurs. Enn og aftur fórum við í gegnum óhefðbundið skólaár. Sem fyrr var gott að rýna í þá þætti sem teknir voru fyrir að þessu sinni með það að leiðarljósi að bæta það sem þykir ábótavant á komandi árum í samstarfi við aðra sem að skólanum standa.

Bestu kveðjur,

Ásdís Steinunn, Rósa Hrönn og Svanhvít,
deildarstjórar.

